

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2019

Starfsmenntasjóður verslunarinnar

Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	4
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Starfsmenntasjóðs verslunarinnar.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsmenntasjóð verslunarinnar fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsmenntasjóði verslunarinnar, í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórn og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og stjórnendur eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og stjórnendur ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsmenntasjóðs verslunarinnar. Ef við á, skulu stjórn og stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórn og stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar. Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 19. maí 2020

Deloitte ehf.

Pálína Árnadóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarafgangur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar á árinu 2019 nam kr. 6.121.047. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins kr. 183.362.559, bókfært eigið fé í árslok er kr. 183.074.559 og er eiginfjárlutfall félagsins 99,8%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Starfsmenntasjóðs verslunarinnar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Starfsmenntasjóðs verslunarinnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. maí 2020

Í stjórn

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Iðgjöld		39.789.656	45.051.694
Úthlutaðir styrkir	3	<u>(34.066.510)</u>	<u>(35.176.182)</u>
Iðgjöld umfram styrki		5.723.146	9.875.512
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(3.710.762)</u>	<u>(3.925.153)</u>
Rekstrarhagnaður		2.012.384	5.950.359
Fjármunatekjur	4	5.271.483	6.200.748
Fjármagnsgjöld		(3.142)	0
Fjármagnstekjuskattur		<u>(1.159.678)</u>	<u>(1.364.572)</u>
Rekstrarafgangur ársins		<u><u>6.121.047</u></u>	<u><u>10.786.535</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	5	3.493.442	3.829.801
Handbært fé	5	179.869.117	175.361.801
		<u>183.362.559</u>	<u>179.191.602</u>
Eignir		<u>183.362.559</u>	<u>179.191.602</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnframlag VR	6	8.964.350	8.964.350
Óráðstafað eigið fé		174.110.209	167.989.162
Eigið fé		<u>183.074.559</u>	<u>176.953.512</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	7	288.000	2.238.090
Skuldir		<u>288.000</u>	<u>2.238.090</u>
Eigið fé og skuldir		<u>183.362.559</u>	<u>179.191.602</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		2.012.384	5.950.359
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda		(1.613.731)	812.043
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>398.653</u>	<u>6.762.402</u>
Innborgaðaðar vaxtatekjur		5.271.483	6.200.748
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(1.162.820)	(1.364.572)
Handbært fé frá rekstri		<u>4.507.316</u>	<u>11.598.578</u>
Hækkun handbærs fjár		4.507.316	11.598.578
Handbært fé í upphafi árs		175.361.801	163.763.223
Handbært fé í lok árs		<u>179.869.117</u>	<u>175.361.801</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunarinnar var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli VR og LÍV annars vegar og FA hins vegar sem tók gildi þann 1. febrúar árið 2000.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Innheimt iðgjöld á tímabilinu eru tekjufærð sem iðgjöld tímabilsins. Óinnheimt iðgjöld í árslok 2019 eru ekki reiknuð.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Helstu aðilar sem eru tengdir félaginu eru VR, LÍV og FA

3. Styrkveitingar

Úthlutaðir styrkir skiptast þannig:

Styrkir til starfsmanna aðildarfyrirtækja:	2019	2018
VR	29.723.182	29.796.964
FVSA	477.800	396.291
Fræðslustjóri að láni	0	378.121
Fræðslustyrkir FA	3.865.528	4.604.806
Samtals úthlutaðir styrkir	34.066.510	35.176.182

Skýringar

4. Fjármunatekjur

	2019	2018
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	5.271.263	6.202.633
Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum/(Vaxtagjöld)	220	(1.885)
	<u>5.271.483</u>	<u>6.200.748</u>

5. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	2.765.908	3.020.472
F.V.S. Akureyri	18.327	34.849
VR	709.207	774.480
	<u>3.493.442</u>	<u>3.829.801</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2019	31.12.2018
Bankainnstæður	179.869.117	175.361.801

6. Eigið fé

	Stofnfé VR	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018	8.964.350	157.202.627	166.166.977
Rekstrarafgangur/(tap) ársins	0	10.786.535	10.786.535
Eigið fé 31.12.2018	8.964.350	167.989.162	176.953.512
Rekstrarafgangur/(tap) ársins	0	6.121.047	6.121.047
Eigið fé 31.12.2019	<u>8.964.350</u>	<u>174.110.209</u>	<u>183.074.559</u>

7. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Skuld við VR	288.000	823.322
Skuld við FA	0	1.414.768
	<u>288.000</u>	<u>2.238.090</u>

Skýringar

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2019:	Iðgjöld	Úthlutaðir styrkir	Kröfur	Skuldir
VR	7.804.375	29.723.182	709.207	288.000
Lífeyrissjóður verslunarmanna	31.217.499	0	2.765.908	0
FA	0	3.865.528	0	0
	<u>39.021.874</u>	<u>33.588.710</u>	<u>3.475.115</u>	<u>288.000</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2018:	Iðgjöld	Úthlutaðir styrkir	Kröfur	Skuldir
VR	8.877.734	29.796.964	774.480	823.322
Lífeyrissjóður verslunarmanna	35.510.924	0	3.020.472	0
FA	0	4.604.806	0	1.414.768
	<u>44.388.658</u>	<u>34.401.770</u>	<u>3.794.952</u>	<u>2.238.090</u>

9. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna Kórónuveirunnar Covid-19. Veruleg óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstrarhæfi þess vegna þessa.

10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 19.mái 2020

Sundurliðanir

	2019	2018
Seldar vörur og þjónusta		
Innheimt iðgjöld LV	31.217.499	35.510.924
Innheimt iðgjöld hjá FVSA	614.226	530.428
Iðgjöld framlag VR	7.804.375	8.877.734
Iðgjöld framlag FVSA	153.556	132.608
	<u>39.789.656</u>	<u>45.051.694</u>
Styrkir		
Fræðslustyrkir VR/LÍV	29.723.182	29.796.964
Fræðslustyrkir FA	3.865.528	4.604.806
Fræðslustyrkir FVSA	477.800	396.291
Fræðslustjóri að láni	0	378.121
	<u>34.066.510</u>	<u>35.176.182</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Endurskoðun og reikningsskil	349.990	355.676
Önnur aðkeypt þjónusta	29.661	0
Fundir og ráðstefnur	29.531	16.736
Innheimtukostnaður	798.866	903.686
Þóknun greidd til FA	1.302.714	1.414.768
Þóknun greidd til VR	1.200.000	1.234.232
Annar kostnaður	0	55
	<u>3.710.762</u>	<u>3.925.153</u>